



## Þingskjal nr. 1

Flytjandi stjórn LH

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir að árgjald fyrir árin 2021 og 2022 frá aðildarfélögum LH til sambandsins verði kr. 1.800,- á hvern gjaldskyldan félag, en félagar á aldrinum 17-69 ára greiða árgjald til LH. Árgjaldið fer þá úr kr. 1.500,- í kr. 1.800,- og hækki um kr. 300,-.

### Greinargerð

Árgjöld landssambandsins eru stór hluti af heildartekjum sambandsins á hverju ári og hugsuð til að standa undir stórum hluta af reglulegum rekstri sambandsins. Hlutdeild árgjalda af heildartekjum hefur þó lækkað verulega undanfarin ár þar sem árgjaldið frá félögum til LH hefur ekki hækkað í mjög langan tíma.

LH leggur áherslu á að þjóna aðildarfélögum sínum á sem víðtækastan hátt og stefnir áfram á að auka þjónustu og starfsemi sína við aðildarfélögin og hestasamfélagið í heild sinni.

Meðal helstu áherslumála verður hér eftir sem hingað til:

- Öflug áframhaldandi uppbygging og viðhald í reiðvegumálum og eflingu Kortasjárinnar.
- Aukin áhersla í æskulýðs- og nýliðunarmálum, með auknu skipulagi og stuðningi við aðildarfélögin og kynningu á hestaíþróttinni, á landsvísu.
- Áframhaldandi samstarf á alþjóðavísu fyrir börn og ungmenni, í samstarfi við FEIF, s.s. Youth Cup, Youth Camp og leiðtoganámskeið.
- Metnaðarfullt afreksstarf með A-landsliði, U21 landsliði og hæfileikamótun fyrir börn og unglinga, sem hefur verið í mótun undanfarið og stefnt er að því að bæta enn frekar.
- Halda úti öflugri fræðslu- og menntastarfi fyrir hestamenn, með þjálfarastig ÍSÍ og leiðtoganámskeið FEIF sem grunn til frekari uppbyggingar fræðslu- og menntamála. Auk þess að standa fyrir málþingum um keppnismál o.fl. í samstarfi við önnur félög.
- Viðhald og áframhaldandi uppbygging á SportFeng og LH Kappa, bæði til notkunar hérlendis og erlendis, að ógleymdum WorldFeng sem félagsmenn hafa nú dýrmætan aðgang að í gegnum sína félagsaðild.
- Viðhald og uppbygging Skógarhóla, sem er eftirsóttur viðkomustaður margra hestamanna í þjóðgarðinum á Þingvöllum og hefur mikla sögulega þýðingu fyrir landssambandið og hestamennskuna í landinu. Skógarhólar bjóða upp á ýmis tækifæri sem hægt er að nýta í félagsstarfinu, ekki sýst fyrir ungu kynslóðina.



## Þingskjal nr. 2

Flytjandi stjórn LH

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir að lagður verði aukaskattur á félögin upp á kr. 300,- fyrir hvern greiðandi félagsmann, fyrir árin 2021 og 2022 vegna markaðsátaksins Horses of Iceland, enda verði ríkissjóður þátttakandi í verkefninu á þessum árum.

### Greinargerð

Á landsþingi 2016 var upphaflega samþykkt að leggja 300 kr. gjald á hvern greiðandi félagsmann í hestamannafélagi, fyrir árin 2017 - 2018 vegna markaðsátaksins Horses of Iceland og var sú samþykkt endurnýjuð á landsþingi 2018, vegna árana 2019 - 2020.

Á árinu 2020 skilar gjaldið frá aðildarfélögum LH um 2.200.000,- kr. á tekjuhlið sambandsins en stjórn hefur samþykkt að Landsambandið leggi fram um 3.000.000,- kr vegna Horses of Iceland á árinu til að mæta kröfu ríkisins um að setja sömu upphæð á móti framlagi þess, eða krónu á móti krónu. Útlit var fyrir því að ríkið hætti þessum framlögum sínum á árinu 2020, en samningar náðust um framhald á því út árið 2021 og vonir standa til að framlengja það enn frekar.

Verkefnið hefur nú verið í gangi um tíma og gengið vel. Verkefnið tekur þátt í öllum helstu viðburðum er varða íslenska hestinn víða um heim. Að verkefninu standa mjög margir aðilar víða um heim og markaðssetja íslenska hestinn með sameinaða krafta og af fagmennsku.



## Þingskjal nr. 3

Flytjandi stjórn LH

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir breytingu á kafla 5 í lögum og reglum LH Reglugerð um Íslandsmót.

*Reglugerð um Íslandsmót orðist svo:*

## 5 Reglugerð LH fyrir Íslandsmót

### 5.1 Ákvörðun um Íslandsmótsstað og dagsetningu

Stjórn LH ákveður hvar Íslandsmót í hestaþróttum skuli haldið hverju sinni. Umsókn um Íslandsmót skal berast til keppnisnefndar fyrir 1. október á árinu fyrir mót. Keppnisnefnd tekur umsóknir til umfjöllunarog leggur til við stjórn hvar Íslandsmót skuli haldið. Ef engar umsóknir berast hefur stjórn vald til að ganga til samninga við þá mótshaldara sem stjórn kys að semja við. Stjórn LH og mótshaldari skulu undirrita samning um Íslandsmót fyrir 1. desember á árinu fyrir mótið.

Dagsetning Íslandsmóta er ákveðin með hliðsjón af landsmóti og heimsmeistaramótum hverju sinni. Halda skal Íslandsmót fullorðinna og ungmenna annars vegar og barna og unglunga hins vegar í sitt hvoru lagi. Íslandsmót fullorðinna og ungmenna skal halda fyrstu helgina í júlí á heimsmeistaramótsári en í annarri viku eftir landsmót á landsmótsári. Mótið skal hefjast á fimmtudegi og ljúka á sunnudegi. Íslandsmót fullorðinna og ungmenna skal vera Worldranking.

### 5.2 Keppnisgreinar á Íslandsmóti

Á Íslandsmóti fullorðinna skal keppt í einum styrkleikaflokki. Keppt skal í greinum þar sem keppendur eru einir inni á vellinum í einu, V1, F1, T1, T2 sem og skeiðgreinum, PP1, P1, P3, P2. Í ungmennaflokki skal keppa í sömu greinum og í fullorðinsflokki. Heimilt er að bjóða upp á fleiri greinar, kjósi mótshaldarar svo, sem og sýningagreinar. Í sýningargreinum skal ekki krýna Íslandsmeistara.

Á Íslandsmóti barna og unglunga skal keppt í keppnisgreinum þeim sem skilgreindar eru í hverjum aldursflokki. Heimilt er að fella niður keppnisgrein náist ekki lágmarks þátttaka til verðlauna. Heimilt er að bjóða upp á fleiri greinar, kjósi mótshaldarar svo, sem og sýningagreinar. Í sýningargreinum skal ekki krýna Íslandsmeistara.

Börn keppi í V2, T3, T4, fimi.

Unglingar keppi í V1, T1, F2, T4, fimi og skeiðgreinum sem skilgreindar eru.

### 5.3 Þátttökuréttur á Íslandsmóti

Á Íslandsmóti fullorðinna og ungmenna hafa rétt til þátttöku efstu þör á stöðulista sem metinn er út frá árangri á löglegum mótum og gilda einkunnir pars sem eru allt að tveggja ára gamlar í V1, F1, T1, T2, PP1, P1, P3 og P2.



Fjöldi þátttakenda í hverri keppnisgrein er eftirfarandi:

Keppnisgrein	Flokkur fullorðinna	Ungmennaflokkur
T1 tölt	30	20
T2 slaktaumatölt	30	20
V1 fjórgangur	30	20
F1 fimmgangur	30	20
PP1 gæðingaskeið	15	15
P2 100 m. skeið	15	15
P3 150 m. skeið	15	5
P1 250 m. skeið	15	5

Miðað er við stöðu á stöðulistanum 10 dögum áður en mót hefst. Ef knapi óskar ekki eftir þátttöku er næstu knöpum á stöðulista boðin þátttaka. Ráslistar liggja fyrir þremur dögum fyrir mót og þrír varaknappar tilgreindir í hverri grein. Flokkar fullorðinna og ungmenna ríða forkeppni saman en sérstök úrslit eru fyrir hvorn flokk fyrir sig.

#### 5.4 Auglýsing Íslandsmóts

Íslandsmót í hestaíþróttum skal auglýsa í fjölmiðlum með minnst tveggja mánaða fyrirvara. Það aðildarfélag sem heldur Íslandsmót hverju sinni (bæði fullorðinna og ungmenna sem og barna, unglinga) skal sjá um skráningu og innheimtu skráningargjalda keppenda af öllu landinu.

#### 5.5 Framkvæmdanefnd Íslandsmóts

Mótshaldari skal skipa framkvæmdanefnd um áramót, sama ár og mótið er haldið. LH hefur heimild til að skipa einn mann í framkvæmdanefnd. Framkvæmdanefndin ákveður skráningagjöld, annast auglýsingar móts, móttöku þátttökutílyninga, ber ábyrgð á að nægjanlega margt starfsfólk sé til staðar og sér um annan undirbúning. Framkvæmdanefnd skipar eftirfarandi embættismenn mótsins:

- *Framkvæmdastjóra.* Hann skal skipaður um leið og framkvæmdanefnd og starfa með henni að undirbúningi mótsins. Hann ber ásamt framkvæmdanefnd ábyrgð á að undirbúningur og aðstaða öll sé tilbúin nægjanlega tímanlega fyrir mót, þannig að keppendur geti æft sig á mótssvæðinu a.m.k. sjö dögum fyrir upphaf móts.
- *Fjölmiðlafulltrúa.* Hann skal skipaður um leið og framkvæmdanefnd og vinni með henni. Hann ber ábyrgð á fjölmiðlatengslum og sér um að koma mótinu á framfæri við fjölmiðla, sér einnig um auglýsingaöflun og önnur mál sem tengjast því.
- *Mótsstjóra.* Hann skal skipaður minnst tveimur mánuðum fyrir upphaf móts. Hann ber ábyrgð á að mótið fari fram eftir auglýstri dagskrá og gangi snurðulaust fyrir sig. Mótsstjóri skal, í samráði við framkvæmdanefnd, bera ábyrgð á að ritarar og dómgögn séu til staðar við upphaf móts.
- *Vallarstjóra.* Hann annast verkstjórn á meðan á móti stendur og hefur umsjón með framkvæmd dagskrár í samráði við mótsstjóra.



- *puli.* Þeir kynna dagskráratriði og kappkosta að mótshald gangi greiðlega fyrir sig.
- *Fóta- og reiðtyggjaskoðunarmenn* starfa í umboði dómara.

Yfirdómnefnd er skipuð yfirdómara eða meðlim dómarastarfsliðs, áður tilnefndum af honum, mótsstjóra eða fulltrúa hans, áður tilnefndum af honum, meðlimi framkvæmdanefndar, formanni keppnisnefndar LH eða annars fulltrúa, áður tilnefndum af honum, og talsmanni knapa, kosinn fyrir upphaf keppni af virkum keppendum (sjá grein 2.7.2). Á Íslandsmóti barna og unglínga skal fulltrúi knapa vera ækúlýðsfulltrúi LH eða annar fulltrúi, áður tilnefndur af honum.

## 5.6 Skipan dómara Íslandsmóts

Dómaranefnd LH skal skipa yfirdómara og með honum hæfustu dómara sem völ er á, eftir tillögum frá HÍDÍ. Yfirdómari dæmir ekki gangtegundir inni á hringvelli. Skipa skal yfirdómara og dómnefndir a.m.k. mánuði fyrir upphaf mótsins. Sama gildir um erlenda dómara.

## 5.7 Ýmis ákvæði um Íslandsmót

Á Íslandsmóti fullorðinna og ungmenna er skylt að halda B-úrslit í hringvallagreinum, þ.e. keppni um 6. til 10. sæti. Á Íslandsmóti barna og unglínga er það skylda, ef skráningar eru 20 eða fleiri. Sigurvegari í B-úrslitum vinnur sér rétt til að keppa í A-úrslitum.

## 5.8 Dagskrá Íslandsmóts fullorðinna og ungmenna

### Fimmtudagur

Fimmgangur F1

Fjörgangur V1

### Föstudagur

Tölt T2

Tölt T1

Gæðingaskeið

### Laugardagur

Slaktaumatölt T2 B-úrslit (ungmennaflokkur)

Slaktaumatölt T2 B-úrslit

Fjörgangur V1 B-úrslit (ungmennaflokkur)

Fjörgangur V1 B-úrslit

Fimmgangur F1 B-úrslit (ungmennaflokkur)

Fimmgangur F1 B-úrslit

Tölt T1 B-úrslit (ungmennaflokkur)

Tölt T1 B-úrslit

250 m. skeið P1

150 m. skeið P3

### Sunnudagur

Slaktaumatölt T2 A-úrslit (ungmennaflokkur)

Slaktaumatölt T2 A-úrslit

Fjörgangur V1 A-úrslit (ungmennaflokkur)



Fjórgangur V1 A-úrslit  
Fimmgangur F1 A-úrslit (ungmennaflokkur)  
Fimmgangur F1 A-úrslit  
100 m. skeið P2  
Tölt T1 A-úrslit (ungmennaflokkur)  
Tölt T1 A-úrslit

## 5.9 Listi yfir lágmarkskröfur

LH skal leggja lista fyrir mótshaldara yfir þau atriði og aðstöðu, sem gilda skal sem lágmarkskröfur til að halda megi Íslandsmót. Listi þessi skal lagður fyrir mótshaldara eigi síðar en 6 mánuðum fyrir mót.

## 5.10 Gildissvið

Reglugerð þessi gildir fyrir Íslandsmót, þar sem við á. Að öðru leiti gildir reglugerð LH um íþróttamót og keppendur.

## Greinargerð

Með breytingum þessum er hugmyndin að gera Íslandsmót að viðburði sem verði nær þeim anda sem ríkir á Heimsmeistaramótum. Mótið verði minna að umfangi en verið hefur þ.e.a.s. færri keppendur og aðeins allra bestu þörin hverju sinni í hverri grein. Það verði keppikefli og heiður að komast á Íslandsmót.

Réttur til þátttöku verði ákveðinn með stöðulista þar sem efstu knapar í hverri grein eiga þátttökurétt. Í flokki fullorðinna eiga 30 efstu knapar þátttökurétt í hringvallagreinum og 15 efstu knapar í skeiðgreinum. Í ungmennaflokki eiga 20 efstu knapar þátttökurétt í hringvallagreinum, 15 efstu knapar í gæðingaskeiði og 100 m. skeiði og 5 efstu knapar í 150 og 250 m. skeiði.

Með takmörkuðum fjölda skráninga verður mótshaldið mun viðráðanlegra fyrir mótshaldara og áhugaverðara fyrir hestaunnendur um allan heim að fylgjast með og koma á staðinn auk þess að geta horft á mótið í streymi.

Það að dagskrá sé hæfilega löng, aðeins úrvalshestar og keppnin spennandi auðveldar einnig markaðssetningu fyrir áhorf og streymi. Að auki mun meiri gæði sýninga, styttri og markvissari dagskrá ná frekar athygli fjölmiðla sem er hestaiþróttum til framdráttar. Íslandsmót gæti þannig verið á pari við HM og landsmót sem eru stærstu kynningar- og markaðsgluggar í keppni á íslenska hestinum sem stendur.

Umgjörðin þarf því að vera glæsileg og krafa um aðbúnað og aðstöðu miklar. Lögð er áhersla á að mótshaldið sé viðráðanlegt og ábatasamt fyrir mótshaldara, þess vegna er lagt til að skráningagjald verði hærra en gengur og gerist en fjárhagsáætlun er í fylgiskjali. Það er mikilvægt að mótshaldarar geti vel staðið undir kostnaði þess að halda mótið og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til mótshaldsins.

Að baki tillögu um að ungmenni ríði með fullorðnum í forkeppni er m.a það að færa þau nær því að keppa á pari við þá bestu og sjá hvar þau standa í þeim samanburði. Auk þess er það góður undirbúningur fyrir HM þar sem fyrirkomulagið er með þessum hætti.



Varðandi tímasetningar á mótinu þá er fyrsta helgin í júlí á HM-ári valin m.a. vegna þess að Íslandsmót er síðasta mótið sem landsliðsþjálfari horfir til áður en valið er í lið á HM og má ekki seinna vera til að geta tilkynnt landsliðið tímanlega. Ástæðan fyrir að velja helgina í annari viku eftir Landsmót er sú að heppilegt er að hafa ákveðið bil á milli stórmóta. Einnig er mikilvægt að festa í sessi dagsetningar Íslandsmóta svo keppendur og áhorfendur geti gengið að því vísu og skipulagt sig með góðum fyrirvara.

Þegar mótið er haldið með þessu fyrirkomulagi þá er ljóst að ekki verður hægt að halda Íslandsmót fullorðinna og Íslandsmót barna og unglunga saman. Í fyrsta lagi þurfa mótin að vera viðráðanleg að stærð og umfangi. Í öðru lagi er tilgangur mótanna ólíkur, á Íslandsmóti fullorðinna er stöðulisti og umgjörð sem geti laðað að erlenda gesti bæði á mótið og ekki síður inn á streymið. Á Íslandsmóti barna og unglunga er meiri æskulýðsbragur þar sem fjölskyldur koma saman. Ekki er lagt til að formi á Íslandsmóti barna og unglunga verði breytt að sinni.



## Þingskjal nr. 4

Flytjandi stjórn LH

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir breytingu á grein 1.2.4 Dagskrá landsþings, í lögum og reglum LH.

#### Eftirfarandi setning falli brott:

„Landsþing taki ákvarðanir varðandi Íslandsmót samkvæmt reglugerðum þar um.“

#### **Greinargerð:**

Starfshópur LH um endurskoðun reglugerðar um Íslandsmót leggur til að stjórn LH taki ákvörðun um úthlutun Íslandsmóts en það verði ekki til umfjöllunar á landsþingi.





## Þingskjal nr. 5

Flytjandi stjórn LH

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir að notast verði við reglur um gæðingafimi unnar af starfshópi LH um gæðingafimi til reynslu fram að landsþingi 2022. Mælt er til að keppt verði í greininni á Íslandsmóti og þær mótaraðir sem hafa gæðingafimi sem keppnisgrein noti þessar reglur á næsta keppnisári. Að keppnistímabilinu loknu verði reglurnar teknar til endurskoðunar með tilliti til þeirra athugasemda sem keppendur, dómarar og mótshaldarar gera. Stefnt er á að reglurnar verði lagðar fyrir landsþing 2022 til samþykktar sem reglur LH um gæðingafimi. Hestamannafélögin verði einnig hvött til að halda mót í gæðingafimi á öllum stigum til að fá sem mesta reynslu á reglurnar. Sjá reglur starfshóps LH um gæðingafimi.

### Greinargerð

Á landsþingi 2018 var samþykkt að stjórn LH setti saman starfshóp til þess að vinna að því að gera gæðingafimi að fullgildri keppnisgrein í lögum og reglum sambandsins og að keppt verði í gæðingafimi til reynslu fram að landsþingi 2020. Stjórn LH skipaði hóp samkvæmt samþykkt þingsins. Hópin skipa Hulda Gústafsdóttir fulltrúi keppnisnefndar LH, Mette Mannseth fulltrúi Hólaskóla, Súsanna Sand Ólafsdóttir fulltrúi FT, Viðar Ingólfsson fulltrúi Meistardeildar, Hekla Katharína Kristinsdóttir, Guðmundur Björgvinsson, Ísólfur Líndal Þórisson, Sigurður Ævarsson fulltrúi HÍDÍ og Erlendur Árnason fulltrúi GDLH. Starfshópurinn hefur skilað sinni vinnu og hefur útfært reglur í gæðingafimi í þremur erfiðleikastigum til þess knapar á öllum getustigum geti keppt í greininni.

Greinin hefur verið að þróast um árabíl og keppt hefur verið í gæðingafimi í ýmsum myndum. Ljóst þykir að þessi keppnisgrein nýtur vaxandi áhuga bæði knapa og áhorfenda og hefur auk þess bætt reiðmennsku og aukið fagmennsku í greininni. Þegar starfshópurinn hóf störf var horft til þessarar þróunnar og allra reglna sem notaðar hafa verið í gæðingafimi fram að þessu.

Það sem liggur að baki þessari vinnu er að gera gæðingafimi að fullgildri keppnisgrein, auðvelda hestamannafélögum að bjóða upp á mót í gæðingafimi, gera það mögulegt að keppa í greininni á Íslandsmóti og allt hjálpar það til við að greinin festist í sessi. Gæðingafimi nýtur vaxandi vinsælda erlendis og ýtir undir fagmennsku og það að gera hana að fullgildri keppnisgrein innan laga og reglna LH styður m.a. við að Ísland verði í forystu í þróun greinarinnar og auðveldar innleiðingu hennar á alþjóðavettvangi. Með því að samræma reglur um gæðingafimi göngum við öll í sömu átt til framfara.

Drög að þessum reglum um gæðingafimi voru kynntar á FEIF-þinginu í Hveragerði í febrúar síðastliðinn við góðar undirtektir. Á fundi menntanefndar FEIF var fært til bókar að ánægja væri með þetta framtak.



Hugmyndin að þessari keppnisgrein er að sýna vel þjálfaðan gæðing sem á efsta stigi sýnir öll þjálfunarstig þjálfunarpíramídans en á lægri stigum er ekki gerð sama krafa. Knapi fléttar saman gangtegundum og æfingum og sýnir í einni heild jafnvægi, þjálni, kraft og fimi hestsins. Keppnisgreininni er skipt niður í þrjú erfiðleikastig með mismunandi lágmarkskröfum milli stiga en ekkert þak stoppar knapa af á lægri stigum. Knappar geta því sýnt þá hæfni sem þeir búa yfir og fengið það metið til einkunnar.

1. stig er hugsað fyrir minna vana, 2. stig er fyrir meira vana og 3. stig er opinn flokkur. Vægi dómsatriða á öllum stigum er skipt með eftirfarandi hætti:

- æfingar gilda 40%
- gangtegundir og fegurð í reið gilda 40%
- flæði, útfærsla og reiðmennska gilda 20%

Á 1. og 2. stigi hafa allar æfingar vægið 1 en á 3. stigi hafa æfingar mismunandi vægi frá 1 upp í 1,4. Fyrir utan tölt, gilda tvær bestu gangtegundirnar til einkunnar.

- Tölt er 33,333% af einkun fyrir gangtegundir, með öðrum orðum 3/9 eða 1/3.
- Fegurð í reið og hinar gangtegundirnar gilda 22,222% eða 2/9. Af einkunn.
- Skeið hefur vægisstuðul 1,1 (eins og æfingar) til að hvetja til skeiðsýningar.

Dómsatriðið fegurð í reið skal dæmt og metið út frá líkamsbeitingu hestsins, höfuðburði, glæsileika í hreyfingum, fasi og útgeislun. Tekið skal tillit til fegurðar í allri sýningunni. Dómsatriðið flæði, útfærsla og reiðmennska er metið út frá því að knapinn sýni æfingar sem reyna á reiðmennsku, þjálni og jafnvægi hestsins, hafa góð áhrif á hestinn og að sýningin hafi gott flæði.

Tímamörk á sýningu er breytileg og miðast við stærðar keppnisvallar. Knapi skilar inn þar til gerðum æfingalista 36 klst. fyrir keppni og ef við á, skilgreiningu á fjálsri æfingu þ.e.a.s. æfingu sem er utan útgefnis æfingalista.

Horft var til þess að umgjörðin væri þess eðlis að það væri aðgengilegt og gerlegt fyrir mótshaldara að halda mót í gæðingafimi, t.d. með því að einn dómari dæmir öll dómsatriði og að það sé val um að nota þrjá eða fimm dómara. Notast er við sama dómskala og í íþróttakeppni en leiðari er útfærður fyrir hvert dómsatriði þ.e.a.s. æfingar, gangtegundir, fegurð í reið og flæði, útfærslu og reiðmennsku. Regluskjalið fylgir hér með í fylgiskjali 1 og mælt er með því að mótshaldarar og knappar kynni sér reglurnar vandlega.

Starfshópurinn telur reglurnar spegla reiðmennsku á íslenskum hestum eins og hún er stunduð í dag, en einnig eins og þessi hópur sér fyrir sér að reiðmennska muni þróast í framtíðinni. Hún er hestvæn og byggir á almennt viðurkenndri hugmyndafræði um þjálfun hesta sem einnig skilst í alþjóðlegum hestaíþróttum. Hún mun einnig falla vel að mótahaldi í reiðhöllum sem lengir keppnistímabilið til muna.



Greinin er hönnuð til að vera á opnu svæði, áhorfendur geta séð parið allan tímann og hafa nánast sama sjónarhorn og dómarnir sem auðveldar áhorfendum að skilja greinina. Greinin hentar vel til upptöku og sýningar á netinu eða í sjónvarpi þar sem ávallt er einn hestur í braut, bæði í forkeppni og í úrslitum.

Mikil vinna liggur að baki reglum um nýja keppnisgrein en starfshópurinn kynnti fyrstu drög af reglum 1. febrúar 2020. Í kjölfarið var fundað með Meistaradeildinni í hestaíþróttum. Þar komu fram gagnlegar ábendingar sem starfshópurinn tók til greina. Reglurnar hafa verið í stöðugri þróun fram að þessu, þegar þær nú eru kynntar öðru sinni. Að auki hefur nefndin hlustað á rök og gagnrýni og reynt að bæta og laga með tilliti til þeirra.

Því miður m.a. vegna Covid19 fékkst ekki mikil reynsla að keppa eftir reglum á keppnistímabilinu 2020 en Meistaradeild ungmenna og Meistaradeild æskunnar kepptu eftir reglum á 2. stigi. Einnig var haldið mót á Hólum þar sem keppt var í 2. stigi og fékk starfshópurinn ágæta innsýn inn í það stig og hefur betrubætt það síðan þá. Af þessum sökum er lagt til að samþykkt verði að þessar nýju reglur um gæðingafimi LH verði notaðar til reynslu fram að Landsþingi 2022 og verði svo endurskoðaðar áður en þær verða lagðar fyrir þing til samþykktar. Það er ósk nefndarinnar að þær mótaraðir sem hafa verið að keppa í gæðingafimi noti reglurnar á reynslutímanum og eins væri gaman ef Áhugamannadeildin tæki upp keppni í gæðingafimi.

*Fylgiskjal: Reglur LH um gæðingafimi*



## Þingskjal nr. 6

Flytjandi Gæðingadómarafélag LH

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir eftirfarandi breytingu á kafla 7, Reglugerð um gæðingakeppni í lögum og reglum LH. Við bætist ný keppnisgrein er kallast „gæðingatölt“.

*Fyrir aftan grein 7.8 bætist við ný grein sem orðist svo:*

### Gæðingatölt – fullorðinsflokkur - forkeppni

Riðnir skulu tveir hringir. Sýna skal hægt tölt 1 hringur, snúið við og sýnt tölt frjáls ferð 1 hringur. Sýningu skal stjórnað af þul ef tveir eða fleiri eru inni á hringvellingnum einu. Einkunnir skulu gefnar eftir þeirri reglu að talan 5 er grunntala, þ.e. lægsta tala í einkunnagjöf og jafngildir því núlli. Einkunnir skal reikna samkvæmt eftirfarandi kvarða:

	Atriði	Einkunn	Vægi
1.	Hægt tölt	5-10	1
2.	Tölt frjáls ferð	5-10	1
3.	Fegurð í reið	5-10	1
4.	Vilji	5-10	1

Deilitala dómara til að fá aðaleinkunn keppanda er 4. Séu allar einkunnir lesnar upp er deilt í dómpalli með 12 séu 3 dómara að dæma en með 20 séu fimm dómara að dæma.

### Úrslitakeppni - Gæðingatölt – fullorðinsflokkur

Úrslit skulu fara þannig fram:

- Sýna skal hægt tölt, allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Sýna skal tölt með frjálsri ferð, allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Þegar skipt er um hönd á tölti með frjálsri ferð skal gert hlé í eina mínútu. Í hléi skulu knapar láta hesta sína feta og bíða frekari fyrirmæla.

Á milli atriða og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirmæla frá stjórnanda.

Öll úrslitakeppni skal hefjast á vinstri hönd.



### Gæðingatölt – barnaflokkur - forkeppni

Riðnir skulu tveir hringir. Sýna skal hægt tölt 1 hringur, snúið við og sýnt tölt frjáls ferð 1 hringur. Sýningu skal stjórnað af þul ef tveir eða fleiri eru inni á hringvellingum í einu. Einkunnir skulu gefnar eftir þeirri reglu að talan 5 er grunntala, þ.e. lægsta tala í einkunnagjöf og jafngildir því núlli. Einkunnir skal reikna samkvæmt eftirfarandi kvarða:

	Atriði	Einkunn	Vægi
1.	Hægt tölt	5-10	1
2.	Stjórnun og áseta	5-10	1
3.	Tölt frjáls ferð	5-10	1
4.	Stjórnun og áseta	5-10	1

Deilitala dómara til að fá aðaleinkunn keppanda er 4. Séu allar einkunnir lesnar upp er deilt í dómpalli með 12 séu 3 dómara að dæma en með 20 séu fimm dómara að dæma.

### Gæðingatölt – Unglingaflokkur - forkeppni

Riðnir skulu tveir hringir. Sýna skal hægt tölt 1 hringur, snúið við og sýnt tölt frjáls ferð 1 hringur. Sýningu skal stjórnað af þul ef tveir eða fleiri eru inni á hringvellingum í einu. Einkunnir skulu gefnar eftir þeirri reglu að talan 5 er grunntala, þ.e. lægsta tala í einkunnagjöf og jafngildir því núlli. Einkunnir skal reikna samkvæmt eftirfarandi kvarða:

	Atriði	Einkunn	Vægi
1.	Hægt tölt	5-10	1
2.	Stjórnun og áseta	5-10	1
3.	Tölt frjáls ferð	5-10	1
4.	Stjórnun og áseta	5-10	1

Deilitala dómara til að fá aðaleinkunn keppanda er 4. Séu allar einkunnir lesnar upp er deilt í dómpalli með 12 séu 3 dómara að dæma en með 20 séu fimm dómara að dæma.

### Gæðingatölt – ungmennaflokkur - forkeppni

Riðnir skulu tveir hringir. Sýna skal hægt tölt 1 hringur, snúið við og sýnt tölt frjáls ferð 1 hringur. Sýningu skal stjórnað af þul ef tveir eða fleiri eru inni á hringvellingum í einu. Einkunnir skulu gefnar eftir þeirri



reglu að talan 5 er grunntala, þ.e. lægsta tala í einkunnagjöf og jafngildir því núlli. Einkunnir skal reikna samkvæmt eftirfarandi kvarða:

	Atriði	Einkunn	Vægi
1.	Hægt tölt	5-10	1
2.	Tölt frjáls ferð	5-10	1
3.	Fegurð í reið	5-10	1
4.	Vilji	5-10	1

Deilitala dómara til að fá aðaleinkunn keppanda er 4. Séu allar einkunnir lesnar upp er deilt í dómþalli með 12 séu 3 dómara að dæma en með 20 séu fimm dómara að dæma.

#### Úrslitakeppni – Gæðingatölt – barnaflokkur

Úrslit skulu fara þannig fram:

- Sýna skal hægt tölt, allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Sýna skal tölt með frjálsri ferð, allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Þegar skipt er um hönd á tölti með frjálsri ferð skal gert hlé í eina mínútu. Í hléi skula knapar láta hesta sína feta og bíða frekari fyrirsmæla.

Á milli atriða og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirsmæla frá stjórnanda.

Eftir hverja gangtegund er gefin einkunn fyrir hvern keppanda og í lokin fyrir stjórnun og ásetu.

Öll úrslitakeppni skal hefjast á vinstri hönd.

#### Úrslitakeppni – Gæðingatölt – Unglingaflokkur

Úrslit skulu fara þannig fram:

- Sýna skal hægt tölt, allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Sýna skal tölt með frjálsri ferð, allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Þegar skipt er um hönd á tölti með frjálsri ferð skal gert hlé í eina mínútu. Í hléi skula knapar láta hesta sína feta og bíða frekari fyrirsmæla.

Á milli atriða og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirsmæla frá stjórnanda.

Eftir hverja gangtegund er gefin einkunn fyrir hvern keppanda og í lokin fyrir stjórnun og ásetu.



Öll úrslitakeppni skal hefjast á vinstri hönd.

### Úrslitakeppni - Gæðingatölt – ungmennaflokkur

Úrslit skulu fara þannig fram:

- Sýna skal hægt tölt, allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Sýna skal tölt með frjásri ferð, allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Þegar skipt er um hönd á tölti með frjásri ferð skal gert hlé í eina mínútu. Í hléi skula knapar láta hesta sína feta og bíða frekari fyrirmæla.

Á milli atriða og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirmæla frá stjórnanda.

Öll úrslitakeppni skal hefjast á vinstri hönd.

### Greinargerð

Gæðingatölt er til þess ætlað að keppendur hafi fleiri verkefni fyrir sitt keppnishross á gæðingamótum. Oft á tíðum hefur verið boðið upp á T1 eða T3 á gæðingamótum með tilheyrandi kostnaði og það keppnisform hentar ekki öllum. Með þessu viljum við bjóða upp á keppnisform sem gæti hentað vel fyrir hinn almenna reiðmann.



## Þingskjal nr. 7

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir eftirfarandi breytingu á kafla 7, Reglugerðum um gæðingakeppni í lögum og reglum LH.

Breytingartillaga við kafla 7.5.2 Verkefni:

#### 7.5.2.1 A1-flokkur gæðinga og A2-flokkur gæðinga

Riðnir skulu þrjú hringir og sýnt fet, tölt, brokk, stökk og skeið. Heimilt er að sýna skeið einu sinni á 175 m langri braut sbr. ákvæði 7.4.3.

**A2-flokkur gæðinga er keppnisgrein ætluð minna keppnisreyndum knöpum.**

**Ekki skal keppa í A2-flokki gæðinga á landsmótum.**

Einkunnir skulu gefnar eftir þeirri reglu að talan 5 er grunntala, þ.e. lágsta tala í einkunnagjöf og jafngildir því núlli.

Einkunnir skal reikna samkvæmt eftirfarandi kvarða:

Alhliða hestar (A-flokkur)

	Atriði	Einkunn	Vægi
1.	Fetgangur	5-10	1
2.	Brokk	5-10	1
3.	Tölt	5-10	2
4.	Stökk	5-10	1
5.	Skeið	5-10	2
6.	Vilji	5-10	2
7.	Fegurð í reið	5-10	2

Deilitala dómara til að fá aðaleinkunn keppanda er 11. Séu allar einkunnir lesnar upp er deilt í dómpalli með 33 séu 3 dómarar að dæma en 55 séu fimm dómarar að dæma.





[Ný grein]

**A3- flokkur gæðinga og A4-flokkur gæðinga**

Þrír til fimm hestar inni á hringvellingum í einu.

- Allt að tveir hringir tölt x 2
- Allt að tveir hringir brokk frjáls hraði
- Ein umferð skeið, einn og einn í einu x 2
- Vilji x 2
- Fegurð í reið x 2
- Deilitala fyrir dómara er 9

A4-flokkur gæðinga er ætlaður minna keppnisreyndum knöpum.

Ekki skal keppa í A3- og A4-flokki gæðinga á landsmótum.

**7.5.2.2 B1-flokkur gæðinga og B2-flokkur gæðinga**

Riðnir skulu þrír hringir og sýnt fet, hægt tölt, brokk, stökk og greitt tölt. Einkunnir skulu gefnar eftir þeirri reglu að talan 5 er grunntala, þ.e. lægsta tala í einkunnagjöf og jafngildir því núlli.

B2-flokkur gæðinga er keppnisgrein ætluð minna keppnisreyndum knöpum.

Ekki skal keppa í B2-flokki gæðinga á landsmótum.

Einkunnir skal reikna samkvæmt eftirfarandi kvarða:

Klárhestar með tölti (B-flokkur)

	Atriði	Einkunn	Vægi
1.	Fetgangur	5-10	1
2.	Brokk	5-10	1
3.	Hægt tölt	5-10	1
4.	Stökk	5-10	1
5.	Greitt tölt	5-10	1
6.	Vilji	5-10	2
7.	Fegurð í reið	5-10	2

Deilitala dómara til að fá aðaleinkunn keppanda er 9. Séu allar einkunnir lesnar upp er deilt í dómþalli með 27 séu 3 dómara að dæma en með 45 séu fimm dómara að dæma.



[Ný grein]

**B3-flokkur gæðinga og B4-flokkur gæðinga**

Þrjár til fimm hestar inni á hringvellinginum í einu.

- Allt að tveir hringir hægt tölt
- Allt að tveir hringir brokk frjáls hraði
- Allt að tveir hringir greitt tölt á langhliðum
- Vilji x 2
- Fegurð í reið x 2
- Deilitala fyrir dómara er 7

B4-flokkur gæðinga er ætlaður minna keppnisreyndum knöpum.

Ekki skal keppa í B3-flokki og B4-flokki gæðinga á landsmótum.

Breytingartillaga við kafla 7.6.2 Framkvæmd úrslitakeppni:

**7.6.2.1 Alhliða hestar – A-flokkur (A1, A2, A3 og A4)**

Hafi knapi komið fleiri en einum hesti í úrslit í A2-flokki gæðinga og A4-flokki gæðinga skal hann ákveða á hvorum/hvaða hestinum/hesti hann hefur keppni í úrslitum.

Úrslit skulu fara þannig fram:

- Sýna skal tölt á frjálsum hraða allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Sýna skal brokk allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Sýna skal tvo skeiðspretti báða til sömu handar, að höfðu samráði við keppendur.

Á milli atriða og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirmæla frá stjórnanda.

Öll úrslitakeppni skal hefjast á vinstri hönd.

**7.6.2.2 Klárhestar með tölti – B-flokkur (B1, B2, B3 og B4)**

Hafi knapi komið fleiri en einum hesti í úrslit í B2-flokki gæðinga og B4-flokki gæðinga skal hann ákveða á hvorum/hvaða hestinum/hesti hann hefur keppni í úrslitum.

Úrslit skulu fara þannig fram:

- Sýna skal hægt tölt, allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Sýna skal brokk, allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Þá skal sýna greitt tölt á langhliðum, allt að tveim hringjum til hvorrar handar.



- Þegar skipt er um hönd á brokki skal gert hlé í eina mínútu og þegar skipt eru um hönd á greiðu tölti skal gert hlé í tvær mínútur. Í hléunum skula knapar láta hesta sína feta og bíða frekari fyrirmæla.

Á milli atriða og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirmæla frá stjórnanda.

Öll úrslitakeppni skal hefjast á vinstri hönd.

Breytingartillaga við kafla 7.7.4 Verkefni yngri flokka:

**7.7.4.1 Barnaflokkur 1**

Riðnir skulu tveir hringir og sýnt fet, tölt og/eða brokk og stökk. Sýni barn bæði brokk og tölt er einkunn fyrir betri gangtegundina notuð.

**[Ný grein]  
Barnaflokkur 3**

- Þrjú til fimm hestar inni á hringvellinginum í einu
- Allt að tveir hringir brokk og/eða tölt
- Tvær umferðir stökk, betri ferð gildir til einkunnar
- Stjórnun og áseta x 2
- Deilitala fyrir dómara er 4

Ekki skal keppa í barnaflokki 3 á landsmótum.

**7.7.4.2 Unglingaflokkur 1**

Riðnir skulu þrjú hringir og sýnt fet, hægt tölt, brokk, stökk og yfirferðargangur, þ.e. annað hvort tölt eða brokk á langhliðum.

**[Ný grein]  
Unglingaflokkur 3**

- Þrjú til fimm hestar inni á hringvellinginum í einu
- Allt að tveir hringir hægt tölt x1
- Allt að tveir hringir brokk frjáls hraði x1
- Allt að tvær umferðir yfirferðargangur á langhliðum, annað hvort tölt eða brokk x1
- Stjórnun og áseta x1
- Deilitala fyrir dómara er 4

Ekki skal keppa í unglingsflokki 3 á landsmótum



#### 7.7.4.3 Ungmennaflokkur – B1

Riðnir skulu þrír hringir og sýnt fet, hægt tölt, brokk, stökk og greitt tölt á langhliðum. Einkunnum fyrir fegurð í reið og vilja er bætt við.

[Ný grein]

#### Ungmennaflokkur B3

- Þrír til fimm hestar inni á hringvellingum í einu
- Allt að tveir hringir hægt tölt x1
- Allt að tveir hringir brokk, frjáls hraði x1
- Allt að tveir hringir greitt tölt á langhliðum x1
- Fegurð í reið x1
- Vilji x1
- Deilitala fyrir dómara er 5

Ekki skal keppa í ungmennaflokki B3 á landsmótum.

#### 7.7.4.4 Ungmennaflokkur – A1

Riðnir skulu þrír hringir og sýnt fet, tölt, brokk, stökk og skeið. Heimilt er að sýna skeið einu sinni á 175 m langri braut, sbr. ákvæði 7.4.3. Einkunnum fyrir fegurð í reið og vilja er bætt við.

Einfalt vægi er á einkunnum fyrir vilja, fegurð í reið, tölt og skeið.

[Ný grein]

#### Ungmennaflokkur A3

Þrír til fimm hestar inni á hringvellingum í einu.

- Allt að tveir hringir tölt x1
- Allt að tveir hringir brokk frjáls hraði x1
- Ein umferð skeið, einn og einn í einu x1
- Vilji x1
- Fegurð í reið x1
- Deilitala fyrir dómara er 5

Ekki skal keppa í ungmennaflokki A3 á landsmótum.

Breytingartillaga við kafla 7.7.6 Framkvæmd úrslita í yngri flokkum:

Fyrirsagnir orðist svo:

**7.7.6.1 Úrslitakeppni – Barnaflokkur 1 og barnaflokkur 3**

**7.7.6.2 Úrslitakeppni – Unglingaflokkur 1 og unglíngaflokkur 3**



### 7.7.6.3 Úrslitakeppni – Ungmennaflokkur B1 og ungmennaflokkur B3

### 7.7.6.4 Úrslitakeppni – Ungmennaflokkur A1 og ungmennaflokkur A3

#### **Greinargerð:**

Með tilkomu þessara nýju greina auðveldar það félögum að halda mót í gæðingakeppni innanhúss og einnig að nota þær í vetrarstarfi utanhúss. Þessar greinar eru riðnar eins og sérstök forkeppni.

Með því að fjölga flokkum í gæðingakeppni er verið að auka fjölbreytni í gæðingakeppnisgreinum. Mótshaldarar hafa nýtt sér reglur um sérstaka forkeppni til að bjóða upp á fleiri greinar. Með því að lögleiða þessar greinar er hægt að setja þær inn í Sportfeng og auðveldar það mótshöldurum framkvæmd móta.

Mót hafa verið haldin með fyrirkomulagi sérstakrar forkeppni þar sem riðið er eftir reglum hennar en þá hefur verið farið í gegnum Sportfeng á þann hátt að notuð er venjuleg forkeppni inn í Sportfeng og ákveðnar eru tölur fyrirfram til þess að fylla inn í þær gangtegundir sem ekki eru sýndar en með því komast mótshaldarar fram hjá milliriðlum. Ókostir þessar leiðar eru þeir að mótið getur færst inn sem löglegt mót og þ.a.l. færast hestar inn á stöðulista inn á Worldfeng.



## Þingskjal nr. 8

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir breytingartillögu við grein 7.3.4 Framkvæmd keppni og grein 7.6.2. Framkvæmd úrslitakeppni, í lögum og reglum LH.

### Breytingartillaga við gr. 7.4.3 Framkvæmd keppni

#### 3. málsg. gr. 7.4.3. orðist svo:

Keppanda er frjálst að sýna gangtegundir í þeirri röð sem hann kýs. Hann ræður upp á hvora höndina hann hefur keppni og má skipta einu sinni um hönd í sýningu, þá á skammhlið. Keppandi hefur 3 hringi til umráða, þ.e. 6 langhliðar. Í A flokki er heimilt að nota beinu brautina einu sinni, í stað einnar langhliðar á hringvelli. Endi knapi sýningu á beinni braut, skal hann eftir 2,5 hring, enda hringvallarsýninguna á skammhlið og ríða svo ferjuleið út á enda beinu brautarinnar. Noti sýnandi beina braut áður en hann hefur lokið 2,5 hringjum á hringvelli, fer hann af miðri skammhlið, ferjuleið á enda beinnar brautar. Eftir að hafa farið beinu brautina ber honum að ríða inn á hringvöllinn ferjuleið á næstu skammhlið og ljúka svo sýningu á skammhlið. **Eftir að keppandi hefur hafið aðreið að skeiðsýningu er honum óheimilt að taka baug eða snúa við. Skal hann þá dæmdur úr leik.** Endi keppandi sýningu á beinni braut, endar hann sýninguna við enda beinu brautarinnar. Knapi skal gefa til kynna með greinilegri höfuðhreyfingu að hann hafi lokið keppni.

### Breytingartillaga við gr. 7.6.2 Framkvæmd úrslitakeppni,

#### Grein 7.6.2.1 Alhliðahestar – A-flokkur orðist svo:

##### 7.6.2.1 Alhliða hestar – A-flokkur

Úrslit skulu fara þannig fram:

- Sýna skal tölt á frjálsum hraða allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Sýna skal brokk allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Sýna skal tvo skeiðspretti báða til sömu handar, að höfðu samráði við keppendur.
- **Eftir að keppandi hefur hafið aðreið að skeiðsýningu er honum óheimilt að taka baug eða snúa við. Skal hann þá dæmdur úr leik.**

Á milli atriða og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirmæla frá stjórnanda.



Öll úrslitakeppni skal hefjast á vinstri hönd.

### **Greinargerð**

Með breytingartillögu þessari er óheimilt að taka baug eða snúa við þegar aðreið að skeiðsýningu í A-flokki gæðinga er hafin. Þetta er gert til að samræma reglur um keppni í skeiði á beinni braut, svo sem keppni í gæðingaskeiði og 100 m. skeiði.



## Þingskjal nr. 9

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir breytingu á grein 8.3.2.1 Innahússmót, í lögum og reglum LH.

*Greinin orðist svo:*

#### 8.3.2.1 Innanhússmót

Um innanhússmót gilda eftirfarandi reglur.

Almennt gilda sömu reglur og utanhúss með eftirfarandi undantekningum. Sérstaklega skal minnt á skil á mótsskýrslu til að árangur skráist í Mótafeng og þar með inn í Worldfeng.

Þegar riðið er inn á völl á innanhússmótum er leyfilegt að leyfa lengri leið áður en keppni hefst, eftir því sem aðstæður leyfa.

Einkunnir úr innanhússmótum gilda ekki sem árangur til keppni utanhúss. Þær gilda því ekki sem lágmarkseinkunn til þátttöku í tölta á Landsmóti né ekki til þátttöku á Íslandsmóti.

~~Reglur um vallarstærð og vallargerð eiga ekki við.~~

**Til að innanhússmót verði lögleg og telji til árangurs knapa á hvers keppnisárs þarf vallarstærð að vera að lágmarki 19 m. á breidd og 60 m. á lengd.**

**Innanhúsmót munu ekki vera lögleg til að vera á stöðulistum FEIF.**

#### Greinargerð:

Þar sem stór hluti keppnistímabilsins er háður innandyra er kominn tími til að árangur knapa í þessum mótum verði talinn til árangurs. Einnig að gerður verði stöðulisti yfir lögleg innanhúsmót.





## Þingskjal nr. 10

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir að við kafla 8 í lögum og reglum LH bætist við ný grein sem verður gr. 8.4.1.1 um undirbúningssvæði.

*Greinin orðist svo:*

#### **8.4.1.1 Upphitunar- og undirbúningssvæði**

Mótshaldarar skulu sjá til þess að gott upphitunarsvæði sé til staðar. Að auki skal vera undirbúningssvæði (hringlaga eða opið svæði) þar sem keppnispar skal mæta a.m.k. 1 mínútu fyrir upphaf keppni, þannig að keppnin megi ganga snurðulaust fyrir sig.

Undirbúningssvæði skal vera a.m.k. 20x40 m. að stærð eða hringvöllur af sambærilegri stærð. Undirlag skal vera sem líkast keppnisvelli. Greið tenging skal vera frá undirbúningssvæðinu inn á keppnisvöll. Á undirbúningssvæði má knapi fá aðstoð þjálfara/aðstoðarmanns við að lagfæra búnað sem og leiðsögn, þó þannig að það trufli ekki aðra sem mögulega eru einnig á undirbúningssvæði.

Fyrir úrslit, þar sem 5 eða fleiri skulu mæta, er mótshaldara heimilt að útvíkka undirbúningssvæðið, þó þannig að knapar fari ekki úr auglýsningu dómara eða fótaskoðunarmanna sem staðsettir eru við völlinn, þannig að allir hafi nægilegt svæði til upphitunar.

#### **Greinargerð:**

Þegar leitað var að fann keppnisnefnd út að engar reglur eru í gildandi reglum um undirbúningshring eða svæði. Og það sem meira var, ekkert fannst í reglum FEIF. Eftir nokkra leit, fundust reglur í reglum um heimsmeistaramót. Tillaga þessi er að einhverju leyti samin uppúr henni en ekki samhljóða þó.



## Þingskjal nr. 11

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir breytingartillögu við kafla 7.8.1 Sérstök forkeppni, í lögum og reglum LH.

*Greinin orðist svo:*

#### 7.8.1.3 Barnaflokkur

- Þrír til fimm hestar inni á hringvellinum í einu
- Tveir hringir brokk og/eða tölt
- **Stjórnun og áseta x 1**
- Tvær umferðir stökk, betri ferð gildir til einkunnar
- Stjórnun og áseta x **2 1**
- Deilitala fyrir dómara er 4

### Greinargerð:

Þessi tillaga er sett fram til áréttingar um að dæma skal stjórnun og ásetu fyrir hvort atriði fyrir sig.



## Þingskjal nr. 12

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir breytingartillögu við grein 2.8.1 Auglýsingar móta, í lögum og reglum LH.

*Greinin orðist svo:*

### 2.8.1 Auglýsingar móta

Opin íþróttamót og keppni milli héraða skal auglýsa í fjölmiðlum/**netmiðlum** með ~~minnst eins mánaðar~~ **7 daga** fyrirvara. Úrtökur fyrir Landsmót skal auglýsa með minnst ~~14~~ **7** daga fyrirvara. Opinber innanhéraðsmót skal auglýsa með minnst ~~14~~ **7** daga fyrirvara í fjölmiðli. Sé um mót að ræða, sem greiða þarf til þáttökugjald, skal þess getið í auglýsingunni og gjaldið fylgja þáttökutilkynningunni. Þá skal koma fram frestur til að tilkynna þátttöku og skal hann aldrei vera skemmri en ~~5~~ **3** dagar. Innanfélagsmót skal auglýsa þannig að félagsmenn eigi almennt kost á að kynna sér efni auglýsingarinnar. ~~Auglýsa skal innanfélagsmót með minnst tveggja daga fyrirvara.~~ Verði af einhverjum ástæðum að fresta eða endurtaka keppni/mót, mega þeir einir keppa sem höfðu keppnisrétt, þegar keppnin/mótið átti að fara fram **nema ef opnað hefur verið fyrir skráningu og skal þá auglýsa nýjan skráningarfrest vandlega.** Frestun eða framhald móts ber að auglýsa vandlega.

### Greinargerð

Þar sem öll úrvinnsla keppnisgagna með Sportfeng er orðin mjög auðveld og fljótlegt að auglýsa mót með öllum þeim netmiðlum sem til eru í dag er hægt að stytta fyrirvarann til að halda mót. Margir vilja líka geta nýtt tækifærið ef það gefst að skella á móti með stuttum fyrirvara.



## Þingskjal nr. 13

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir breytingartillögu við grein 2.8.5 Verkefni framkvæmdanefndar, í lögum og reglum LH.

*Greinin orðist svo:*

### **2.8.5 Verkefni framkvæmdanefndar**

Framkvæmdanefnd skal sjá um útgáfu mótsskrár, sem sé tilbúin a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir upphaf móts. Í mótsskrá skal koma fram a.m.k. **dagskrá mótsins**, nafn keppanda og félags hans, nafn, litur og aldur hests, ásamt öðrum upplýsingum sem framkvæmdanefnd óskar. Framkvæmdanefnd skal sjá um að keppendur gefi umbeðnar upplýsingar þegar við skráningu.

### **Greinargerð**

Með þessari breytingu er tekinn af allur vafi um að dagskrá mótsins sé birt með tveggja daga fyrirvara til að keppendur geti skipulagt sína keppnisdaga.



## Þingskjal nr. 14

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir breytingartillögu við grein 2.8.4, Skipun dómara á mót, í Lögum og reglum LH.

*Greinin orðist svo:*

### 2.8.4 Skipun dómara á mót

Mótshaldarar verða að sækja um gæðinga- og íþróttadómara til stjórna dómarafélaga LH til að mótin séu lögleg og fái skráningu í Sportfeng. Sækja skal um dómara ~~4 vikum~~ **7 dögum** fyrir upphaf móts. Bera dómaranefnd og dómarafélögin ábyrgð á að manna öll lögleg mót sem haldin eru. Dómaranefnd og félögunum ber að vera í sambandi við mótshaldara og ber dómurum að tilkynna forföll til dómarafélaganna.

### Greinargerð

Með þessari breytingu er verið að samræma undirbúningstíma til að auglýsa og halda mót við aðrar reglur sem varða auglýsingu móta.



## Þingskjal nr. 15

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir breytingartillögu við grein 8.5.1 Skeiðvöllur í lögum og reglum LH.

*Greinin orðist svo:*

#### 8.5.1 Skeiðvöllur

Völlurinn skal vera beinn; 250 m langur, jafn, fastur og verður að vera a.m.k. tveggja metra breiður fyrir hvern hest. Halli á 100 metrum má ekki fara yfir 0,2%. Um það bil 8m pláss fyrir start og um það bil 50m niðrhægingarkafli. Girðing skal ná a.m.k. 10m lengra en endamark. Báðar hliðar vallarins skulu vera afmarkaðar nákvæmlega á brún vallarins. Að auki skal á annarri hliðinni vera önnur girðing um það bil 5-10 m frá þeirri fyrri þar sem áhorfendur geta staðið á meðan á kappreiðum stendur. Með 50 m millibili skal vera merking sem gott er að sjá, án þess að hún truflí. Yfirdómari verður að samþykkja völinn.

Gæðingaskeiðvöllur skal vera beinn, 210 metra langur, jafn, fastur og vera að minnsta kosti 4 metra breiður. Skeiðvöllur má nota fyrir gæðingaskeið með viðeigandi merkingum sem sjá má í FIPO bæklingi.

Aðstæður til skeiðkappreiða skulu vera viðunandi og þannig sett upp að slyshætta sé í algjöru lágmarki. Startbásar skulu vera eins hljóðlátir eins og unnt er og byggðir upp á þann hátt að öryggi hests og knapa sé í fyrirrúmi. Fyrir skeið með fljúgandi starti skal aðdragandi skeiðkaflans vera nægilega langur og vel afmarkaður eins og skeiðkaflinn sjálfur.

Niðrhægingarkafllinn eftir að skeiðkafla lýkur skal vera afmarkaður eins langt og mögulegt er og hættulaus fyrir hest og knapa.

Mótsstjóri, yfirdómari og fulltrúi knapa skulu yfirfara og samþykkja að aðstæður til skeiðkappreiða séu viðunandi. Fulltrúi knapa hefur meira vægi en mótsstjóri og yfirdómari telji hann aðstæður ekki viðunandi.

#### Greinargerð

Með þessari breytingu er verið að breyta umgjörð skeiðkappreiða til að öryggi hesta og knapa geti verið sem best. Einnig að gefa fulltrúa knapa vald til að koma í veg fyrir slys ef knapar telji aðstæður ekki viðunandi.



## Þingskjal nr. 16

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir breytingartillögu við grein 8.7.17.4 Ræsing með rásbásum eða sjálfvirkri ræsingarvél í lögum og reglum LH.

*Greinin orðist svo:*

#### 8.7.17.4 Ræsing með rásbásum eða sjálfvirkri ræsingarvél

Þegar rásbásar eða sjálfvirk ræsingarvél er notuð fá knapar 2 mínútur til að koma hestum sínum inn í rásbásana. Innan 30 sekúndna eftir að síðasti hestur er kominn inn í sinn rásbás skal ræsa. **Loka skal rásbásum að aftan áður en ræst er.** Hafi knapa ekki tekist þetta innan þessara tímamarka er hann dæmdur úr viðkomandi hlaupi.

Aðstoðarmenn verða að standa með að minnsta kosti annan fótinn á jörðu, án undantekninga. Fari aðstoðarmenn ekki að reglum er knapi dæmdur úr leik.

Einn aukadómari er staðsettur fyrir aftan ráslínu til að leiðbeina og fylgjast með framkvæmd ræsingar.

**Hjálmaskylda er á öllum sem vinna við rásbása, aðstoðarmönnum knapa, ræsi og dómara sem staðsettur er við rásbás.**

### Greinargerð

Hér er verið að bæta inn setningum til að skýra betur það vinnulag sem skal viðhafa við ræsingu í skeiðkappreiðum og til að bæta sanngirni og jafnræði milli mótsstaða.



## Þingskjal nr. 17

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir breytingartillögu við grein 7.7.4.4 Ungmennaflokkur A-flokkur, í lögum og reglum LH.

*Greinin orðist svo:*

#### **7.7.4.4 Ungmennaflokkur – A-flokkur**

Riðnir skulu þrír hringir og sýnt fet, tölt, brokk, stökk og skeið. Heimilt er að sýna skeið einu sinni á 175 m langri braut, sbr. ákvæði 7.4.3. Einkunnum fyrir fegurð í reið og vilja er bætt við.

Einfalt vægi er á einkunnum fyrir vilja, fegurð í reið, tölt og skeið.

**Ekki skal keppa í Ungmennaflokki A-flokki á landsmótum.**

#### **Greinargerð**

Greinin er það ný að ekki er komin reynsla á hversu margir munu taka þátt í greininni og einnig er mikið um að unglingar hafi verið að spreyta sig í þessari grein.

Dagskrá Landsmóts er fullhlaðin og heilmikið að bæta við heilli grein í viðbót. Einnig þarf þá að ákveða hvort Ungmenni megi bæði keppa í A-flokki ungmenna og B-flokki ungmenna á Landsmótum.

Því er ekki talið tímabært að hafa þessa grein sem keppnisgrein á Landsmótum.





## Þingskjal nr. 18

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir breytingartillögu við grein 7.5.2.1 A-flokkur gæðinga og grein 7.5.2.2 B-flokkur gæðinga í lögum og reglum LH.

#### Breytingartillaga við grein 7.5.2.1 A-flokkur gæðinga

Fyrir framan fyrstu málsgrein bætist málsgreinin:

„Hestur sem tekur þátt í A-flokki gæðinga getur ekki tekið þátt í öðrum A-flokki gæðinga, né neinum B- eða C-flokki gæðinga á sama móti.“

#### Breytingartillaga við grein 7.5.2.2 B-flokkur gæðinga

Fyrir framan fyrstu málsgrein bætist málsgreinin:

„Hestur sem tekur þátt í B-flokki gæðinga getur ekki tekið þátt í öðrum B-flokki gæðinga, né neinum A- eða C-flokki gæðinga á sama móti.“

### Greinargerð

Með breytingartillögu þessari er verið að samræma reglur gæðingakeppni við reglur íþróttakeppninni þar sem hestur getur bara tekið þátt í einni fjórgangs- eða fimmgangsgrein á sama móti. Þetta hefur einnig verið óskrifuð regla sem núna er verið að setja á prent.



## Þingskjal nr. 19

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir breytingartillögu við kafla 8.2.3 Útbúnaður knapa, og við kafla 7.3.2 Sýnandi, búnaður hests og knapa, í lögum og reglum LH.

#### Breytingartillaga við grein 8.2.3.

*Greinin orðist svo:*

#### 8.2.3 Útbúnaður knapa

Á öllum mótum skal knapi klæðast reiðjakka, félagsbúningi eða einfaldri íþróttapeysu eða mittispeysu, reiðbuxum og reiðstígvélum eða skóbuxum og reiðskóm. Í skeiðkappreiðum og gæðingaskeiði skulu knapar klæðast reiðbuxum og reiðstígvélum eða skóbuxum og reiðskóm en mega að öðru leyti vera í þægilegum og viðeigandi klæðnaði. Sporar eru bannaðir. Notkun á viðurkenndum reiðhjálmi er skylda.

Á öllum mótum þar sem keppt er eftir reglum þessum skulu knapar ávallt bera opinberlega viðurkenndan reiðhjalm á hestbaki.

~~Í gæðingakeppni er pískur einungis leyfður í barna- og unglingsflokki.~~ Pískur má ekki vera lengri en 120 cm að meðtöldum pískenda. Í skeiðkappreiðum eru pískar bannaðir. Knapi má einungis nota einn písk í einu. Reglur um píska gilda á öllu mótssvæðinu á meðan á mótinu stendur.

#### Breytingartillaga við grein 7.3.2.

*Greinin orðist svo:*

#### 7.3.2 Sýnandi, búnaður hests og knapa

Þegar gæðingur kemur fyrir dómnefnd, skal eigandi sjálfur, eða sá er hann kveður til, sitja hestinn í dómi. Í gæðingakeppni vísast til kafla 8 í lögum um íþróttakeppni (FIPO) um allan útbúnað knapa og hests.

~~Í gæðingakeppni er pískur leyfður í öllum greinum.~~

#### Greinargerð

Ákvæði um písk í gæðingakeppni á betur við í kafla um gæðingakeppni en íþróttakeppni í keppnisreglum þó svo að annar búnaður sem nefndur er í kafla 8 í lögum LH eigi við báðar keppnisgreinar. Lagt er til að pískur verði leyfður í öllum greinum gæðingakeppni.



## Þingskjal nr. 20

Flytjandi Hestamannafélagið Funi  
Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir að sambandið láti gera athugun á bakhlífum og virkni þeirra við slys tengd útreiðum. Einnig verði könnuð tíðni bakmeiðsla í hestamennsku og við hvaða aðstæður slysin verða.

### Greinargerð

Bakmeiðsl eru algeng við slys tengd hestamennsku og mikilvægt að kanna við hvaða aðstæður slysin verða og í hvaða hópi iðkenda. Með þá vitneskju þarf að kanna hvort ástæða sé til að gera kröfu um notkun á bakhlífum í ákveðinni starfsemi eða greinum. Mikið úrval er af bakhlífum sem ýmist eru hannaðar fyrir hestafólk, ökuþóra eða aðra.

1. Það er mikilvægt að gera athugun á því hvaða bakverjur uppfylla kröfur um öryggi við fall af hestbaki.
2. Kanna í hvaða greinum hestamennsku gera ætti kröfu um notkun á bakhlífum.



## Þingskjal nr. 21

Flytjandi Hestamannafélagið Funi

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, skorar á BÍ og WF að fara yfir reglur og verklag í tengslum við skráningu á nöfnum hesta í WF. Ef skorður eiga að vera á því undir hvaða nöfnum megi skrá hross í gagnagrunninn, þá verður að skýra hvaða markmið BÍ hefur í þessum efnum og bæta verklag "Hestanafnanefndar". Ef ekki tekst að koma þessum málum í eðlilegan farveg verði hestanafnanefnd felld niður.

### Greinargerð

Borið hefur á að hestanöfnum hafi verið hafnað til skráningar í WF þrátt fyrir að þau séu í grunninn íslensk og/eða samsett úr íslenskum orðum eða nöfnum. Þá hefur erlendum nöfnum, hvort sem er úr mannkynssögunni eða öðrum heimsbókmenntum verið hafnað þrátt fyrir að þau falli að öllu leyti vel að íslensku máli. Eins er það álitaefni hvort nefnd geti úrskurðað út frá ákveðnum nafna- eða orðagrunni hvaða nöfn eru heimil við skráningu hrossa. Íslensk tunga er fjölbreytileg og hæpið að banna eigendum hrossa að skrá hross sín undir nýjum nöfnum sem eru í grunnin íslensk og falla að íslenskum beygingarreglum.

Einnig er mikilvægt að kanna lagalegan rétt BÍ/WF til að meina hestafólki að skrá hross sín sem bera erlend nöfn eða eru hreinn tilbúningur. LH hlýtur að láta þetta sig varða þar sem hætta er á að hross verði skráð nafnlaus til keppni auk þess sem þetta er réttindamál hestamanna hvort sem þeir teljist aðilar að BÍ eða ekki.

Ef hestanafnanefnd á að vera til verður að skilgreina verksvið hennar, hvort sem er út frá málverndarsjónarmiðum eða almennum lagaheimildum. Gera verður kröfur um að í þannig nefnd sitji einstaklingar með staðgóða menntun þegar kemur að þekkingu og skilningi á íslensku máli og tilbrigðum þess. Viðkomandi búi yfir þekkingu á persónum Íslands- og mannkynssögu og ekki síst, hafi staðgóða þekkingu á helstu persónum heimsbókmenntanna.



## Þingskjal nr. 22

Flytjandi Hestamannafélagið Sörli

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, felur stjórn landssambandsins að hefja þegar í stað vinnu við eftirfarandi:

1. stefnumótun, með það að leiðarljósi að auka nýliðun í hestamennsku á landinu öllu;
2. mótun aðgerðaráætlunar til að auka nýliðun sem kynnt skal aðildarfélögum Lh innan árs, þannig að hún geti gagnast aðildarfélögum;
3. stefnumótun, með það að leiðarljósi að æfingar og námskeið barna og ungmenna í hestaíþróttum færist nær því sem þekkist í öðrum íþróttum, þ.e.a.s. reglulegar æfingar yfir allan veturinn sem hefjast að hausti og ná til vors.

### Greinargerð

*Um lið 1.* Um langan tíma hefur vantað skýrari stefnu og betri sýn á það, með hvaða hætti hægt sé að auka nýliðun í hestamennsku á Íslandi. Er þá sérstaklega horft til þess hvernig börn og ungmenni geti byrjað í hestaíþróttinni. Eins og staðan er í dag er það erfitt. Börn sem ekki þekkja einhverja sem stunda íþróttina eiga erfitt með að æfa hestamennsku. Nokkrar leiðir geta verið færar í því að auka nýliðun. Sem dæmi má nefna, félagshús sem rekin eru að einhverju marki af hestamannafélögum. En hvernig ætti sú starfsemi þá að vera, hvað er mikilvægt að leggja áherslu á og annað slíkt, hvernig er best að reka félagshús. Allt eru þetta spurningar sem óþarfi er að öll félög leiti hvert á sitt einsdæmi svara við. Aðrar leiðir til aukinnar nýliðunar eru svo án efa til staðar.

*Um lið 2.* Það fer best á því að Landssamband hestamannafélaga í samvinnu við aðildarfélögin móti aðgerðaáætlun að lokinni stefnumótun, þannig að farið sé í markvisst átak við að auka nýliðun í hestamennsku. „Komdu í hestana“. Ef skýr aðgerðaáætlun liggur fyrir gætu hvert og eitt félag hrint henni í framkvæmd, hugsanlega með sínum útfærslum. En stefnan þarf að vera skýr og aðgerðirnar markvissar ef góður árangur á að nást. Vonast er til þess að greint verði með skýrum hætti til hvaða aðgerða þarf að grípa til að fjölga ungu fólki í hestamennsku.

*Um lið 3.* Skipulagðar æfingar. Þegar horft er til þess, annars vegar hvernig börn sem eiga hest eða hafa aðgang að hesti æfa sína íþrótt og þegar horft er til möguleika þeirra barna sem ekki eiga hesta, en vilja gjarnan æfa hestaíþróttir og hins vegar þegar bornar eru saman æfingar í öðrum íþróttagreinum er mikill munur á því hvernig skipulagðar æfingar eru stundaðar og hvort möguleiki er að barn geti á annað borð valið að „æfa“ hestaíþróttir. Flestir þekkja það að á hverju hausti velja tugþúsundir barna á skólaaldri þá íþrótt sem þau ætla að æfa næsta vetur eða næstu önn. Í fyrsta lagi þá hafa hestamann í gegnum tíðina verið nýbúnir að sleppa hestum sínum á haustbeit þegar skólar hefjast og því hefur ekki verið í boði fyrir þá sem vildu hugsanlega fara að æfa hestamennsku að hausti, þegar aðrar íþróttir byrja sín tímabil. Þetta þýðir líka, að um áramótin þegar hross koma á hús, eru flest börn þegar komin í þá íþrótt sem þau ætla að stunda þann veturinn. Ef hestamenn vilja raunverulega horfa til nýliðunar barna og ungmenna er það mat okkar í Sörla að hestamenn þurfi að horfa til reglulegra æfinga sem börn geti valið strax að hausti. Í



stuttu máli er hugsunin þessi. Er vilji til þess að bjóða upp á raunverulegt val fyrir önnur börn en börn hestafólks, að velja eða stunda hestaíþróttina og þá hvernig gerum við það. Hafa ber í huga, og það er mikilvægt, að mestur hluti fjárframlaga til íþróttafélaga frá sveitarfélögum er ákvarðaður og réttlættur með vísan til stuðnings við barna- og unglingastarf og fjölda þátttakenda yngri en 18 ára. Uppbygging íþróttamannvirkja er að sama skapi rökstudd með þörf fyrir mannvirkið til notkunar af börnum og ungmennum. Því er til mikils að vinna að aðlaga starf hestamannafélaga að þessum raunveruleika.

Í tillögu þessari þegar rætt er um nýliðun er átt við nýliðun barna- og ungmenna, en nýliðun getur líka verið í því formi að fullornir einstaklingar byrja að stunda hestamennsku. Horfir tillaga þessi einkum til hins fyrra.